

laust í Stjórnartíðindunum til veitingar frá næstu fardögum. Til þess tíma hef- **117**
ur núverandi umboðsmaður þeirra jarða umbóðið á hendi. 11. okt.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um afhending á kirkjulandi. — Hjer **118**
með læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa stiptsyfirvöldunum til vit- 13. okt.
undar, að samkvæmt tilkynningu frá ráðgjafanum fyrir Ísland hefur hans há-
tign konunginum samkvæmt tillögum ráðgjafans þóknast 19. f. m. að samþykkja, að
afrettarlönd Reykholtskirkju, Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn,
sju seld frá kirkjunni fyrir 700 kr., þannig að upphæð þessi sje lögd í söfnun-
arsjóð Íslands sem óskerðanleg innstæða kirkjunnar, og að af vöxtunum af
upphæð þessari sje Reykholtspresti árlega greiddar 20 krónur og að auki
helmingur þess, er rentan fer fram úr þessari upphæð, en hinn helmingurinn
sje jafnan lagður við höfuðstól.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frek-
ari birtingar.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um sektir fyrir galla á skipa- 119
skjölum. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 31. ágúst þ. á. ritað mjer á þessa leið: 13. okt.

»Utanríkisráðaneytið hefur aptur og aptur vakið máls á því, er gefur
mjer tilefni til þess þjónustusamlega að mælast til þess, að þjer, herra lands-
höfðingi, þókanlega tjáið öllum lögreglustjórum á Íslandi, að ráðaneytinu hafi
verið bent á, að skipstjórar, einkum á stærri skipum, sem frá útlendum höfnum
fara til Íslands, optlega láti hjá líða að láta hlutadeigandi verzlunarræðismenn
rita lögboðin vottorð á skipsskjöl sín, af því að það borgi sig fyrir þá að greiða
þá lágu sekt, sem almennt sje vant að beita fyrir slíka vanrækslu, heldur en
að gjalda konsúlum gjöld þau, er þeim bera fyrir vottorð sín, og að jeg því
verði að telja það æskilegt, að sektin, þegar svo ber undir, sje ákveðin svo
há, að þessum undanbrögðum linni«.

Þetta skal jeg hjer með þjónustusamlega leggja fyrir yður, hera amt-
maður, að birta öllum lögreglustjórum í ömtum yðar, að því viðbættu, að þeim
beri að hafa strangar gætur á, hvort skipstjórar þeir, sem eiga að sýna skipa-
skjöl í lögsagnarumdæmum þeirra, hafi orðið brotlegir í vanrækslu þeirri, er
að framan greinir, og ef svo reynist, þá að beita svo háum sektum við þá, að
þeim geti ekki verið hagur í því að hafa undanbrögð í frammi í áminnstu efni.

Reikningur

120

yfir tekjur og gjöld bókasafns austuramtsins 1893.

Tekjur:

1. Í sjóði frá f. á.	kr. 298,85
2. Tillag frá »Det Classenske Fidejkommiss«	— 300,00
	Flyt — 598,85

120

	Flutt kr. 598,85
3. — úr jafnaðarsjóði austuramtsins	— 200,00
4. Árstíllag 26 manna	— 52,00
5. Andvirði 12 bókaskráa	— 3,00
	<u>Samtals kr. 853,85</u>

Gjöld:

1. Laun bókavardar	kr. 20,00
2. Fyrir að semja bókaskrá og raða bókum	— 50,00
3. Prentunarkostnaður á bókaskráum	— 74,00
4. Til bókakaupa	— 319,35
5. Fyrir bókband	— 184,49
6. Ýmisleg gjöld	— 89,58
7. Í sjóði við árslok	— 116,43
	<u>Samtals kr. 853,85</u>

Skrifstofu austuramtsins, Akureyri, 7. júlí 1894.

Kl. Jónsson,
settur.

Embættaskipan og sýslana.

12. okt. var umboðsmaður *Stephán Stephensen* á Akureyri af landshöfðingja skipaður *umboðsmaður yfir Vaðla-umbóði*.

12. nóv. var *Halldór* borgari *Jónsson* í Vik af landshöfðingja skipaður *umboðsmaður Kirkjubæjar- og Þykkevabæjarklausturs-umbóds*.

S. d. veitti landshöfðingi prestur í *Grimsey*, síra *Pjetri Guðmundssyni*, samkvæmt beiðni hans lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum að telja.

Á bls. 144 hjer að framan hefur fallið burt athugasemd um, að *kand. jur. Magnús Torfason*, sem 19. okt. var settur sýslumaður í Rangárvallasýslu, hafði hinn 18. sept.br. af ráðgjafanum fyrir Ísland verið settur *málfærslumaður við landsyfrrjettinn*, en tók eigi við þeirri sýslan að svo stöddu.

Óveitt sýslan.

Sýslanin sem *umboðsmaður yfir Norðursýslu-umbóði* (þ. e. öllum þjóðjörðum í Þingeyjarsýslu, sbr. landshöfðingjabrj. 11. okt. þ. á., bls. 174 hjer að framan) verður veitt frá næstkomandi fardögum, og eiga bónarbrjef umsækjenda að vera komin til landshöfðingja fyrir miðjan aprílmánuð 1895.